

Sveitarfélagið Skagfjörður Ráðhúsinu  
v/ urðunarstaðarins í Skarðsmóum  
Skagfirðingabraut 21  
550 Suðárkróki

Reykjavík 14. desember 2018  
UST201810-223/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Áminning og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 16. nóvember sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Sveitarfélagið Skagfjörð vegna frávíka frá lokunarfyrirmælum urðunarstaðarins í Skarðsmóum.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.7 og 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Skv. gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun skal rekstraraðili skrá upplýsingar um þau atriði sem tiltekin eru í listanum og senda til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið ár. Fyrirkomulag vöktunar grunnvatns og yfirborðsvatns skal vera í samræmi við mælingaáætlun sem fram kemur í gr. 1.8 í fyrirmælunum. **Umhverfisstofnun gerir kröfu um það að rekstraraðili skili gögnum sem skila skal skv. lokunarfyrirmælum urðunarstaðarins. Annars vegar er um að ræða skýrslur fyrir skráningar skv. gr. 1.7 fyrir árin 2014-2017 og hins vegar niðurstöður mælinga skv. gr. 1.8 fyrir árin 2014-2018.**

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreinds fráviks til 30. nóvember. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 4. janúar nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.


Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.


Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [frigg@ust.is](mailto:frigg@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra